

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjanesbæ.

Íbúðabyggð í Grænási í Njarðvík, Reykjanesbæ.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 16. janúar 2001 samþykkt tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðabyggð í Grænási í Njarðvík, Reykjanesbæ.

Deiliskipulagið nær til svæðis sem afmarkast í austri af Njarðarbraut, í suðri af Fitjum, í vestri af Reykjanesbraut og í norðri af Grænásvegi.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 8. febrúar 2001.

Ellert Eiríksson bæjarstjóri.

Nr. 120

31. janúar 2001

AUGLÝSING

um umferð í Mosfellsbæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar hefur verið ákveðið að biðskylda verði á þvergötur að Arnarhöfða, þannig að Arnarhöfði verði aðalbraut.

Ákvörðun þessi tekur gildi 15. febrúar 2001.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 31. janúar 2001.

Böðvar Bragason.

Nr. 121

5. febrúar 2001

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Molduhrauni í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti, 18. janúar 2001, tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi í Molduhrauni við Austurhraun 7.

Í breytingunni felst að byggingarreitur er lengdur til norðurs um 11 m í átt að lóðinni við Miðhraun 11. Skipulagsskilmálar svæðisins gilda áfram óbreyttir.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 5. febrúar 2001.

F.h. Garðabæjar,

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.